



AÐALFUNDUR HOLLVINA GRENSÁSDEILDAR 2023

Haldinn á Grensásdeild 15.febrúar 2023 kl 16:30-18

Viðstödd:

Bryndís Björk Krisjtánsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Jóhanna Jóhannesdóttir, Ottó Schopka, Páll Eyjólfur Ingvarsson, Páll Svavarsson, Sigrún Garðarsdóttir, Svava Magnúsdóttir, Valdimar Guðnason, Þór Jakobsson, Þórunn Þórhallsdóttir

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og ritara fundarins.

Fundarstjóri var kosinn Páll Svavarsson og Svava Magnúsdóttir var kosin ritari aðalfundar.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti ársskýrslu stjórnar fyrir árið 2022. Árið 2022 var viðburðarríkt í sögu Hollvina Grensásdeildar. Mikilvægum áföngum var náð og deildinni færðar veglegar gjafir. Hæst bar afhending á uppgerðum garði milli aðalbyggingar og sundlaugar þann 21.júní 2022 að viðstöddu fjölmenni í grenjandi rigningu.

Miklar framfarir urðu í undirbúningi nýbyggingar Grensásdeildar. Haldið var lokað útbúð fyrir fullnaðarhönnun byggingarinnar. Hlutskörpust urðu Nordic Office of Architecture og Efla verkfræðistofa. Þann 24.ágúst 2022 undirrituðu heilbrigðisráðherra og forstjóri LSH ásamt fulltrúum sigurvefanna samning um fullnaðarhönnun nýbyggingarinnar. Stefnt er að fyrstu skóflustungu haustið 2023 á 50 ára afmælisári Grensásdeildar.

Unnið var að undirbúning fyrir afmælisár Grensásdeildar. Ósk Sigurðardóttir var ráðinn verkefnastjóri. Samskiptafélagið Aton JL taka að sér að hanna kynningarefni. Ýmsir viðburðir eru í undirbúningi en hæst ber söfnunarþátt 6.okt 2023 á Rúv.

Hollvinir og aðrir færðu deildinni margskonar gjafir á árinu sem má lesa nánar um í ársskýrslunni. Þar á meðal er silfur hálsmen sem Katrín Björk Guðjónsdóttir á Flateyri hefur hannað og verður selt til ágóða fyrir Grensásdeild.

3. Kynning reikninga 2022

Valdimar Guðnason gjaldkeri kynnti reikninga ársins 2022. Nánar má lesa um fjármál HG í ársreikningi 2022.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður, spurningar og svör. Síðan voru ársskýrslan og reikningarnir borin upp sitt í hvoru lagi til samþykktar eða synjunar, og voru bæði samþykkt einróma.

4. Árgjald

Ákveðið að árgjald HG fyrir árið 2023 verði óbreytt, kr 2000.-

5. Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga:

Eftirtalin voru einróma kjörin í stjórn Hollvina Grensásdeildar: Bryndís Björk Kristjánsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Svava Magnúsdóttir, Valdimar Guðnason, og Þórunn Þórhallsdóttir.

Stjórn skiptir með sér verkum.

Í varastjórn voru kosnir: Baldvin Jónsson og Ottó Schopka.

Jóhanna Jóhannesdóttir og Þór Jakobsson voru einróma kjörin skoðunarmenn reikninga.

6. Önnur mál.

Formaður kynnti tillögu um breytingu á lögum HG.

- A) Þriðji málsliður kaflans um **Aðild** orðist svo: „Árgjald skal greitt fyrir lok hvers árs“.
- B) Þriðja málsgrein kaflans um **Stjórnun** orðist svo: „Stjórn samtakana, sem hefur æðsta vald milli aðalfunda, skipa fimm aðalamenn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, og tveir til vara. Varamenn sitja stjórnarfundi. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Kjöri stjórnarmanna skal þannig háttað að annað hvort ár eru kjörnir þrjú stjórnarmenn og einn til vara. Næsta ár skulu kjörnir tveir stjórnarmenn og einn til vara. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár. Stjórnin skiptir með sér verkum. Þess skal þó gætt að formaður og varaformaður séu ekki kosnir á sama ári.“

Þessar tillögur voru samþykktar einróma.

Sigrún Garðarsdóttir kvað sér hljóðs og þakkaði fyrir hönd starfsmanna og skjólstæðinga Grensásdeildar þann mikla styrk sem Hollvinir hafa reynst deildinni. Það væri ómetanlegt að geta með stuttum fyrirvara leitað til Hollvina með brýn erindi, eins og kaup á nauðsynlegum búnaði, og fá umsvifalaust lausn mála. „Án Hollvinaværi Grensásdeild ekki það sem hún er“ sagði Sigrún.

Áform vegna 50 ára afmælis Grensásdeildar voru rædd nánar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18.

Svava Magnúsd.
Guðrún Pétursdóttir